

- Hvítmaðra (*Galium pumilum*). Alg.  
 Gulmaðra (*G. verum*). Alg.  
 Grámulla (*Gnaphalium supinum*). Alg.  
 Grájuft (*G. silvaticum*). Tröllatunga, Hólmavíkurborgir.  
 Fjandafæla (*G. norvegicum*). Víða. Mjög þroskaleg.  
 Vallhumall (*Achillea millifolium*). Hólmavík, Dranganes, Kald-  
 rananes, Goðdalur, Svanshóll, Reykjavík, strandflesjan við Eyj-  
 ar. Sennilega slæðingur.  
 Baldursbrá (*Matricaria inodora*). Óseyrar, Hólmavík. Líkl. slæð.  
 Jakobsfífill (*Erigeron borealis*). Víða.  
 Skarífífill (*Leontodon autumnalis*). Víða. Einnig f. *nigro lanatus*.  
 Íslandsfífill (*Hieracium islandicum*). Hér og hvar.  
 Fellafífill (*H. alpinum*). Hér og hvar.  
 Bugtannaífill (*H. repandum*). Hólmavíkurborgir.  
 Túnfífill (*Taraxacum acromaurum*). Alg.

Nokkra erlenda slæðinga sáum við Gröntved í ferðinni. *Gæsajurt* (*Anthemis arvensis*) vex í sáðsléttu á Hólmavík. *Akurkál* (*Brassica campestris*) sést hér og hvar, einkum við þorpin. *Rauðsmári* (*Trifolium pratense*), *villikerfífill* (*Anthriscus silvester*) og *vafsúra* (*Polygonum convolvulus*) hafa vaxið árum saman í Goðdal. *Axhnoðapuntur* (*Dactylis glomerata*), *akurfax* (*Bromus arvensis*), *rýgresin tvö* (*Lolium perenne* og *L. multiflorum*), *háliðagras* (*Alopecurus pratensis*) og *vallarfoxgras* (*Phleum pratense*) vaxa hér og þar í sáðsléttum. *Akurarfi* (*Stellaria graminea*) vex í Goðdal, Reykjavík og á Hólmavík. *Freyjubrá* (*Chrysanthemum leucanthemum*) og *risasjóður* (*Rhinanthus major*) vaxa í Goðdal, Reykjavík, Drangnesi og Hólmavík.

#### IV. Gróðurfar í Grímsey á Steingrímsfirði.

Úti fyrir Drangnesi, örskammt undan landi, liggur Grímsey. Hún mun vera rúmlega  $\frac{1}{2}$  km<sup>2</sup> að stærð, aflöng að lögun og mesta hæð yfir sjó um 70 m. Hamrar ganga í sjó fram Drangnesmegin, en sums staðar hinum megin er mjó láglendisræma og litlar víkur. Þar er sandur og möl við sjóinn. Eyjan er grösug vel, enda sér lundinn og fleiri fuglar fyrir áburði. Fé er oft haft í Grímsey og stundum refir líka, og þar er heyjað á sumrin. Við fórum út í eyna og lentum í vík, sem gömul fjárhús standa við.

Í fjörinni vex talsvert af fjöruarfa (*Honckenya peploides*), og ör-

litlu ofar eru breiður af blálilju (*Mertensia maritima*) og hrímblöðku (*Atriplex glabriuscula*). *Skarfakál* (*Cochlearia officinalis*) vex víða í fjöruklungri og á klettastöllum rétt hjá. Ofan við fjöruna er kafgras. Þar eru aðaljurtir: túnvingull (*Festuca rubra* var. *arenaria*), vallarsveifgras (*Poa pratensis*), baldursbrá (*Matricaria inodora*) á blettum og ennfremur túnfifill, kattartunga (fuglatunga), hjartarfi, haugarfi, brennisóley, njóli og túnsúra.

Í *klettunum*, neðan til á suðvesturenda eyjarinnar, vaxa einkum: vegarfi (*Cerastium caespitosum*), geldingahnappur (*Armeria vulgaris*), túnvingull (*Festuca rubra*), vallarsveifgras (*Poa pratensis*), fjallsveifgras (*Poa alpina*) og sjávarfitjungur (*Puccinellia maritima*), einkum í sprungum, og ennfremur skarfkál, kattartunga, tóugras, hrútaber, blágresi, burnirót, lækjadepla, mýrelfting, tágamura, skriðlingresi, axhæra og gullvöndur.

Í *dálitilli* brekku rétt hjá vex mikið af skarfifli (*Leontodon autumnalis*), brennisóley (*Ranunculus acer*), stinnastör (*Carex rigida*) og augnfró (*Euphrasia frigida*) innan um vallarsveifgras (*Poa pratensis*) og túnvingul (*Festuca rubra*).

*Efst við klettana* vaxa: músareyra, vorperla, tungljurt, hvítmaðra, blóðberg, lógresi, klóelfting, maríuvöndur, týsfjóla, þursaskegg, helluhnoðri, lokasjóður, maríustakkur, blágresi rétt undir klettunum, lækjadepla, brennisóley, túnsúra, reyrgresi, skriðlingresi og skarífifill. Þarna er önnur brekka, vaxin *skriðlingresi* (*Agrostis stolonifera*) og týtulingresi (*A. canina*) aðallega, en innan um vaxa vallhæra, lambgras, grávorbóm, dýragras og jakobsfifill á strjálíngi.

*Efst í sjálfum klettunum* ofan við brekkuna vaxa: melskriðna-blóm (*Cardaminopsis petraea*), þúfusteinbrjótur (*Saxifraga groenlandica*), gulmaðra (*Galium verum*), kornsúra (*Polygonum viviparum*), smjörlauf (*Salix herbacea*), meýjarauga (*Sedum villosum*), fjallafoxgras (*Phleum alpinum*), ilmreyr (*Anthoxanthum odoratum*), blásveifgras (*Poa glauca*), ljónslappi (*Alchemilla alpina*), brjóstagras (*Thalictrum alpinum*), melur (*Elymus arenarius*), ólafsúra (*Oxyria digyna*), haugarfi (*Stellaria media*), blóðarfi (*Polygonum aviculare*), tungljurt (*Botrychium lunaria*) og tóugras (*Cystopteris fragilis*).

Á *norðaustanverðri eyinni* eru grasbrekkur. Þar vaxa einkum: *vallarsveifgras* (*Poa pratensis*) og *hásveifgras* (*Poa trivialis*). Talsvert er af gulmöðru (*Galium verum*) og hrútaberjalýngi (*Rubus saxatilis*). Á víð og dreif vaxa: mýrfjóla, sandmunablóm, móasef, (lækjar,

grýta og lækjadepla í votum kletti), skammkrækill, gullmura, mosa-steinbrjótur, (lækjasteinbrjótur og mýradúnjurt í þornuðum farvegi), lyfjagras, friggjargras, gráviðir, þráðsef, mýrastör, Íslandsffill, fjallsveifgras og varpasveifgras.

*Í klettum og stórgrýttri urð, sem lundi verpir í, er þroskalegur blómlendisgróður.* Þar vaxa einkum: blágresi (*Geranium silvaticum*), túnfifill (*Taraxacum acromaurum*), brennisóley (*Ranunculus acer*), tunsúra (*Rumex acetosa*), gulmaðra (*Galium verum*) maríustakkur (*Alchemilla minor*) og skriðlíngresi (*Agrostis stolonifera*). En á strjálíngi innan um vaxa: skarífifill, vegarfi, klóelfting, reyrgresi, vallarsveifgras, haugarfi, skarfakál, kattartunga, runnsveifgras og gullvöndur.

*Uppi á eygni eru grösugir blettir.* Þar vaxa: skriðlíngresi (*Agrostis stolonifera*), reyrgresi (*Hierochloa odorata*), ilmreyr (*Anthoxanthum odoratum*) túnvingull (*Festuca rubra*), vallarsveifgras (*Poa pratensis*) og skarífifill (*Leontodon autumnalis*) ásamt einstaka vellelftingu (og stjörnuarfa, lækjagrýtu, hrafnaklukkú og klófífu við litlar vatnsrákir). Engin lækur er í Grímsey, en aðeins smálindir, sem þorna að mestu á sumrin.

Þarna uppi vaxa einnig á strjálíngi: mýrfjóla, stinnastör, maríuvöndur, friggjargras, fjallafoxgras, vallhæra, kornsúra, maríustakkur, tunsúra, gleym-mér-ei, vegarfi, þursaskegg, axhæra, brennisóley, tünvorblóm, lógresi, vorperla í börðum, týsfjóla, ljónslöpp, slíðrastör, móasef, hvítmaðra og Íslandsffill.

*Uppi á þúfunum vaxa einkum:* móasef (*Juncus trifidus*), bugðupuntur (*Deschampsia flexuosa*) og ilmreyr (*Anthoxanthum odoratum*) ásamt ögn af vellelftingu, þursaskeggi og vallhæru.

*En í lautum milli þúfnanna* eru algengustu jurtirnar: vallarsveifgras (*Poa pratensis*) og túnvingull (*Festuca rubra*), ennfremur mýrfjóla, brennisóley og vegarfi á strjálíngi.

*Sums staðar er skriðlíngresi* (*Agrostis stolonifera*) *rikjandi í brekkum* og ögn af mýrfjólu (*Viola paluster*) innan um.

Nálægt vitanum, um 60 m yfir sjó, er lítill mýrablettur, bryddur *fjallapunti* (*Phleum alpinum*). *Aðaljurtir í mýrinni eru:* klófífa (*Eriophorum angustifolium*), engjarós (*Comarum palustre*), mýrastör (*Carex Goodenoughii*), hengistör (*C. rariflora*) og gulstör (*C. Lyngbyei*). Á víð og dreif vaxa: blátoppastör, hárleggjastör í þúfum, mýradúnurt, kornsúra, dýragras, vallarsveifgras, vallhæra, lækjagrýta, augnfró, skriðlíngresi, túnvingull, sauðvingull blaðgróinn og

rjúpnastör. Litill *klóffupollur* er rétt hjá. Við hann vaxa einnig: lækjagrýta, stjörnuarfi, hengistör, blátoppastör, mýradúnurt og engjarós, en stinnastararkragi umhverfis.

*Uppi á Grimsey er brött og grýtt brekka móti norðri. Aðaljurtir þar eru: smjörlauf (Salix herbacea), augnfró (Euphrasia frigida) og kornsúra (Polygonum viviparum). Dreifðara vaxa: axhæra, vallhæra, túnvingull, sauðvingull, ólafssúra, lambgras og vetrarblóm. Stórvaxið, óblómgað reyrgresi vex uppi á brekkubrúninni. Þar vaxa líka einstaka mýrasóley og barnarót.*

*Alls sáum við 105 tegundir blómjurta og byrkninga í Grimsey á Steingrímsfirði. Finnast sennilega fleiri við nákvæma leit.*

*Á öllu svæðinu, sem við fórum um í ferðinni — þ. e. nágrenni Hólmavíkur, Staðardal, Bjarnarfirði, Asparvík, Kaldbaksvík og Grimsey — fundum við um 260 tegundir. Þau svæði eru auðvitað ekki fullkönnuð, en fengizt hefur nokkurt yfirlit um gróðurfarið. (Sbr. einnig gr. „Sól og sumar á Húnafl.str.“ í des.hefti Eimr. 1947).*

#### V. Viðauki.

Þegar ég var að ljúka þessu fundarstaðayfirliti, kom dr. Broddi Jóhannesson með *hvít krækiber* norðan úr Skagafirði. Hafði Sigríður Gunnarsdóttir, húsfreyja í Flatatungu, sent honum þau. Þar hafa þau vaxið við túnjaðarinn í mörg ár. Áður hafa hvít krækiber fundizt í Hjarðardal í Dýrafirði og á austurbrún Hellisheiðar.

*Krækjurót* (Corallorhiza trifida) er talin sjaldgæf á Suðurlandi. Í Hekluferð náttúrufræðifélagsins, 5.—6. júlí s.l. sumar, fundum við Ingimar Óskarsson grasfræðingur talsvert af henni í Næfurholtslandi hér og hvar. Hef ég heyrt, að hún vaxi víðar á þeim slóðum.

20. júní 1947 fór ég austur að *Múlakoti* í Fljótshlíð að líta á gróðurinn. Þá var láglendi algrænt að kalla yfir að líta. En um 30% af hlíðinni ofan við bæinn var svart að sjá, þakið vikri og ösku. Vikurinn hafði sums staðar sært gróðurinn, þegar vindur var. Mosinn virtist alls staðar mjög ræfilslegur. Ekki var að sjá eitúrahrif á gróðrinum. Stóðu víða græn strá upp úr 3—5 cm þykku vikurlagi.

*Við Næfurholt* voru sortulyng (Arctostaphylus uva ursi) og krækilyng (Empetrum nigrum) fól og greinilega mikið skemmd af öskuryki, þótt aðrar jurtir stæðu grænar rétt hjá. Virðist sígrænn gróður þola öskuna sérlega illa og var hálfgerður haustlitur á honum um sumarið. *Björkin* var óvenju ilmvana. Regnið s.l. sumar hefur hjálpað drjúgum upp á sakirnar. Landið virðist vera að ná sér furðanlega.